



Kópavogi, 27. apríl 2026
26031413/ FS

Álftröð 1

Fyrirspurn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. mars 2026 var lögð fram fyrirspurn húsfélags Traðarreits 1 um breytt deiliskipulag til að breyta akstursstefnu við götuna Álftröð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Mynd 1. Loftmynd af Traðarreit eystri. Tekin af kortavef Kópavogs.

Fjölbýlishúsið við Traðarreit eystri var byggt árið 2024-2025 og samanstendur af stigagöngum með staðföngin Álftröð 1, 3, 5 og 7, Skólatróð 2, 4, 6 og 8 sem og Hávegur 2 og 4, lóðin er 7.514 m² að stærð. Byggingarmagn á lóðinni til útreiknings nýtingarhlutfalls er 13.609,5 m². Fyrir lóðina er í gildi deiliskipulag.

Spurst er fyrir um breytingu á deiliskipulagi þannig að í götu Álftraðar verði gatan á 25 metra kafla frá Digranesvegi og að innkeyrslu í bílakjallara tvístefnugata. Þannig að bílar úr bílakjallaranum geti tekið hægri beygju út sem skarist ekki við þá sem taki vinstri beygju inn í kjallarann.




Forsendur í skipulagsáætlunum

Lóðin liggur innan landnotkunarflokks ÍB-2, sem er lýst sem fastmótaðri byggð í eldri hverfum bæjarins, nýrri uppbyggingarsvæði eru alla jafna á þróunarsvæði og hafa deiliskipulög í gildi og það á við um Traðarreit eystri nr. 1 sem er á ÞR-4.

Deiliskipulag Traðarreits eystri var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 24. nóvember 2020 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 9. júní 2021.

Þó er gatan Álftröð utan deiliskipulags Traðarreits en þar er kveðið á um einstefnu, í þessari fyrirspurn er óskað eftir að breyta akstursstefnu Álftraðar. Samkvæmt deiliskipulagi segir: „Innkeyrsla í bílageymslu verður við Álftröð. Fyrirkomulag um einstefnuakstur til norðurs við Álftröð verður óbreytt.“



Mynd 2. Gildandi deiliskipulagsuppráttur.

Fyrirspurnin

Óskað er eftir breytingu á akstursstefnu við Álftröð. Í greinargerð fyrirspurnarinnar segir að þegar ekið er að bílakjallara Traðarreits þá er keyrt inn frá Digralesvegi um einstefnugötuna Álftröð. Vegna akstursstefnunnar krossast bílar sem eru að fara inn í bílakjallarann og þeir sem eru að fara út (sjá mynd 3). Skapar þetta óþarfa stíflur og dregur úr umferðaröryggi á svæðinu sem og skapar hættu fyrir hjólræðafólk sem fer inn og út úr bílakjallaranum einnig.

Fyrirspyrjandi leggur til að akstursstefnu verði breytt, lagt er til að Álftröð verði að tveggja akreina götu á 25 metra kafla frá Digralesvegi að innkeyrslu í bílakjallara en haldi sömu akstursstefnu til norðurs restina af götunni (sjá mynd 4). Þannig að bílar geti tekið hægri beygju út sem skarist ekki á við þá sem eru að taka vinstri beygju inn í kjallarann. Til að hægt væri að útfæra þetta þyrfti að fjarlægja hluta af gangstétt.



Mynd 3. Sýnir stöðuna við Álftröð í dag.



Mynd 4. Tillaga að breyttum akstursstefnum og niðurtöku gangstéttar.

Umsögn og niðurstaða

Tekið er undir sjónarmið í fyrirspurn um að skoða þurfi núverandi fyrirkomulag umferðar til að stuðla að bættu umferðarflæði og umferðaröryggi á svæðinu. Þetta þarf bæði að skoða fyrir Álftröð, í tengslum við innkeyrslu í bílakjallara og hönnun götu og göngustíga. Einnig í samhengi við heildar umferðarskipulag svæðisins, þ.e. í tengslum við breytingu á deiliskipulagi Kópavogsskóla, aðkomu og tengsl við Menntaskólann í Kópavogi og í samhengi við áformaðan mannlífsás sem tengir svæðið við fyrirhugaða uppbyggingu í Fannborg sem og starfsemi MK.

Fyrirspurn þessi verður höfð til hliðsjónar í tengslum við greiningarvinnu og umferðarskipulag á svæðinu í heild. Mikilvægt er að tryggja að litið sé á umferðarskipulagið heildstætt þannig fyrirkomulag þjóni sem best öllum þeim sem þeim aðilum sem fara um svæðið.

F.h. skipulagsfulltrúa
Freyr Snorrason
Verkefnastjóri

